

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Skólabraut 5 og Bugðugerði 5a, Árnesi.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir Árnes og tekur til lóðanna Skólabrautar 5 og Bugðugerðis 5a. Byggingarreitur Skólabrautar 5 er stækkaður lítillega til vesturs og austurs og er gert ráð fyrir 5 íbúða raðhúsi á lóðinni. Gert er ráð fyrir 54 m² byggingarreit fyrir bílskúr á lóðinni Bugðugerði 5a. Lóðamörk og nýtingarhlutfall haldast óbreytt. Samþykkt í sveitarstjórn 15. apríl 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. júlí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.